

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/228
komudagur 12.11.2010

Reykjavík 11. nóvember 2010

Varðar umsögn um frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (þingseta ráðherra) – 43. mál, þskj. 44 á 139. löggjafarþingi

Frumvarpið er þingmannafrumvarp og hefur fengið umfjöllun hjá þingflokki Samfylkingarinnar sem hefur veitt því brautargengi.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt í flokksstjórn Samfylkingarinnar 26. júní sl. „Flokksstjórn Samfylkingarinnar ályktar þess efnis að ráðherrar flokksins segi sig tímabundið frá þingmennsku gegni þeir einnig stöðu ráðherra.

Beinir flokksstjórn því að ráðherrum flokksins að þeir geri það sem fyrst.


Með því sýna ráðherrar Samfylkingarinnar í verki þann ásetning flokksins að styrkja beri stöðu Alþingis og skerpa á aðskilnaði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.”

Í stjórn málaályktun landsfundar Samfylkingarinnar, 22. maí 2005 segir m.a. í kafla 7 Lýðræði í þróun, „Ráðherrar gegni ekki þingmennsku sem m.a. stuðlar að því að skerpa aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdavalds.”

Í stjórn málaályktun landsfundar Samfylkingarinnar, 2. nóvember 2003 segir m.a. í kafla um lýðræðismál; „Ráðherrar eiga að segja af sér þingmennsku á meðan þeir þjóna sem framkvæmdavaldshafar og gera landið að einu kjördæmi.”

Frumvarpið samræmist stefnumótun stofnana Samfylkingarinnar og styður hún því framgang þess.

F.h. Samfylkingarinnar


Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra